

Kafla 6: Niðurstöður

Þetta ytra mat á [Vísinda- og tækniráði og áhrifum þess] nær yfir vítt svið og fjallar um mörg flókin/sambætt viðfangsefni. Stundum höfum við fjallað um efnisatriði eða valþröng þar sem ekkert einhlítt svar er til og ráðið þarf að mæta öndverðum skoðunum um málefni vísinda og tækni – t.d. að því er varðar annars vegar þörfina fyrir fjölbreytileika og hins vegar nauðsyn á að forgangsraða. Að lokum viljum við draga saman megin niðurstöðurnar í eftirfarandi níu atriðum:

1. Rannsóknir og þróunarstarf í háum gæðaflokki er Íslandi nauðsynlegt. Hlutverk ráðsins er að tryggja að svo verði.

Mörgum af stefnumiðum Vísinda- og tækniráðs hefur þegar verið náð og öðrum miðað vel áleiðis. Ráðið hefur tvímælalaust haft áhrif en nauðsynlegt er að það veiti þjóðfélagi og vísindasamfélagi áframhaldandi stefnumarkandi leiðsögn og ýti undir nýsköpun sem byggist á vísindum og tækni.

2. Opið samráð sem byggist á þátttöku hagsmunaaðila í að móta framtíðarsýn til leiðsagnar í rannsóknum og þróun.

Það er náð samband milli helstu hagsmunaaðila í rannsóknum og þróunarstarfi og samskiptin eru virk. Þetta er mikill styrkur í samkeppni. Vísinda- og tækniráð og helstu hagsmunaaðilar hafa komið upp samráðsferli um stefnumótun sem er lofsvert. Mótun sameiginlegrar sýnar til framtíðar er dæmi um þetta og er nauðsynlegur þáttur í umræðu til að skapa forsendur ákvarðana, t.d. um klasamyndun og forgangsöröðun.

2. Heildstæð stefnumótun skiptir máli fyrir val á leiðum til að mæta hnattrænni eða viðtækri ögrun og tækifærum.

Í fyrstu stefnuýfirlýsingu ráðsins var lögð áhersla á að auka fjárveitingar til samkeppnissjóða og breyta laga- og stofnanaumhverfi rannsókna. Í framtíðinni verður nauðsynlegt að takast á við önnur stefnumarkandi atriði og þarf ráðið að greina þau viðfangsefni sem gera stefnumótunina heildstæða fyrir vísindi, tækni og nýsköpun.

3. Nauðsynlegt er að skilgreina takmarkaðan fjölda þverfaglegra klasa í rannsóknum og þróunarstarfi og tryggja stöðuga, langtíma fjármögnun þeirra.

Jarðhiti, heilbrigðisvísindi og nýting sjávarauðlinda hafa verið nefnd sem áhersluvið/klasur þar sem íslenskar rannsóknir og fyrirtæki eiga samkeppnisforskot. Hvort sem er á þessum eða öðrum þverfaglegum sviðum er nauðsynlegt að greina viðfangsefni klasarsamstarfs stofnana, mikilvægi netsamstarfs, alþjóðasamstarfs, viðskiptatækifæra og hagsmunaaðila sem og leiðum til að fjármagna slíkt samstarf.

5. Hlutur fjármögnunar einkaaðila þarf að aukast og efla þarf þátttöku fyrirtækja í rannsóknum, tækniþróun og nýsköpun.

Þetta er veikasti hlekkur kerfisins og nánari athugun sýnir að þótt framlög til rannsókna séu hlutfallslega há miðað við landsframleiðslu er hlutur einkageirans mjög takmarkaður. Að auki er hann bundinn við mjög fá fyrirtæki, sem þýðir að fæst þeirra verða aðnjótandi að niðurstöðum og

taka ekki þátt í þróuninni. Það er brýnt að laða fram einkafjármagn sem áhættufé og beita hugkvæmni í vali á leiðum í þessu skyni.

6. Samkeppnissjóðir ættu að fjármagna vaxandi hluta útgjalda til rannsókna og þróunarstarfs. Samkeppni um fjármagn eykur gæði og skapar betri forsendur til að fylgjast með og meta árangur og eru öflug tæki til að tryggja að stefnu sé fylgt eftir.

Fjármagn samkeppnissjóða hefur vaxið en það eru enn margir aðilar bæði í vísindarannsóknum og tækniþróun sem vinna á grundvelli beinna fjárveitinga. Áhrif samkeppnissjóðanna hafa verið jákvæð og það er nauðsynlegt að auka heildarhlut þeirra í fjármögnun rannsókna og þróunar.

7. Hyggja þarf að stöðugri samræmingu milli málaflokka á öllum stigum stjórnkerfisins.

Enginn vafi leikur á því að aukin samræming milli ráðuneyta um stefnumótun hefur verið mjög gagnleg til að ná árangri og til að breyta vísinda- og tæknikerfinu. Hins vegar hefur samræmingin takmarkast við stefnumótun og mörg framkvæmdaratriði þarf að samræma með samfelldum hætti.

8. Aukinni athygli verði beint að áhrifum og hagnýtingu allstaðar í R&Ð kerfinu. Mati byggðu á megindegum og eigindlegum aðferðum verði beitt til að meta áhrif og gagnsemi starfseminnar .

Lítið er til af upplýsingum um áhrif af styrkjum til rannsókna og ætti að vera forgangsmál að meta umsóknir hvað varðar áætluð áhrif og hagnýtingu, að fella mat á áhrifum inn í mat á rannsóknagæðum og að meta áhrif þegar styrktímabili er lokið. Þetta er flókið samsafn af matsupplýsingum sem byggir á mörgum mismunandi aðferðum. Stundum er gagnlegt að nota mælikvarða og stundum er gagnlegra að gera tilviksathuganir (narrative case analysis). Til að byrja með ætti að leggja áherslu á ákveðin tilvik um áhrif til að auka þekkingu á því hvað og hvernig rannsóknunum er komið í gagnið.

9. Alþjóðlegt samstarf í vísindum er nauðsynlegt bæði til að ná árangri og til að skila niðurstöðum í háum gæðaflokki.

Hefð er fyrir því að íslenskir vísindamenn fari utan og hefur vísindasamfélagið hér grætt á því. En það er líka nauðsynlegt að þróa sterk gagnkvæm tengsl og að gera Ísland meira aðlaðandi fyrir erlenda vísindamenn og erlenda nýsköpun. Alþjóðavæðingin þarf að virka í báðar áttir: til og frá landinu.